

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um meðalbiðtíma eftir félagslegri íbúð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur meðalbiðtími verið eftir félagslegri íbúð undanfarin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir því hvort umsækjendur eru einstaklingar eða fjölskyldur. Einnig er óskað eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum með fleiri en 5.000 íbúa.*

Umbeðnar upplýsingar lágu ekki fyrir og því var fyrirspurn send til forsvarsmanna félagsþjónustu hvers sveitarfélags. Svör bárust frá 26 sveitarfélögum, en þar af eiga sex sveitarfélög ekki félagslegar leiguíbúðir. Þar sem ekki er um úthlutun íbúða að ræða á ári hverju í öllum sveitarfélögum er fjöldi þeirra misjafn á milli ára.

Meðalbiðtími einstaklinga í mánuðum við úthlutun félagslegrar leiguíbúðar undanfarin fimm ár og fjöldi sveitarfélaga sem úthlutaði íbúð til einstaklinga er eftirfarandi:

Ár	2018	2019	2020	2021	2022
Biðtími	21,1	19,8	20,0	16,6	17,5
Fjöldi sveitarfélaga	13	13	16	17	15

Meðalbiðtími fjölskyldna í mánuðum við úthlutun félagslegrar leiguíbúðar undanfarin fimm ár og fjöldi sveitarfélaga sem úthlutaði íbúð til fjölskyldna er eftirfarandi:

Ár	2018	2019	2020	2021	2022
Biðtími	19,4	22,5	16,8	17,7	18,4
Fjöldi sveitarfélaga	13	14	15	16	16

Ef miðað er við mannfjölda hinn 1. janúar 2023 eru ellefu sveitarfélög með fleiri en 5.000 íbúa. Ekki bárust svör frá tveimur þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir meðalbiðtíma í mánuðum við úthlutun félagslegrar leiguíbúðar í sveitarfélögum með fleiri en 5.000 íbúa undanfarin fimm ár.

Sveitarfélag:	Meðalbiðtími einstaklingar:	Meðalbiðtími fjölskyldur:
Akranes	48,0	30,0
Akureyri	36,0	36,0
Árborg	33,3	22,5
Garðabær	25,8	14,0
Hafnarfjörður	35,1	49,3
Kópavogur	25,2	18,6
Mosfellsbær	10,0	15,2
Múlaþing	2,4	3,0
Reykjavík	29,1	20,6
Meðaltal	28,0	24,5